

Hagsmunagæsla í úrgangsmálum

Ársskýrsla 2009

Meðal efnis:

- Inngangur
- Verkefnisstjórnin og fundir hennar
- Verkefni á árinu
- Innlend og erlend samskipti
- Helstu verkefni á árinu 2010
- Ávinningur af verkefninu
- Rekstrarreikningur 2009

1. Inngangur

Meðhöndlun úrgangs er eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga, allt frá söfnun úrgangs frá heimilum til förgunar hans með brennslueða urðun. Regluverkið um meðhöndlun úrgangs er að grunni til frá Evrópusambandinu og í nýrri rammatilskipun um úrgang er gert ráð fyrir talsverðum breytingum á meðhöndlun úrgangsins á næstu árum, með áherslu á aukna endurvinnslu og aðgerðir til að draga úr myndun úrgangs og stöðugt minni úrgang til urðunar. Þessar breytingar munu kosta sveitarfélög

verulegar upphæðir. Einkafyrirtæki hafa haslað sér völl í meðhöndlun úrgangs sem mörg sveitarfélög notfæra sér. Ríkið rekur Úrvinnslusjóð sem á að stuðla að því að auka endurvinnslu með álagningu úrvinnslugjalds á tiltekna vörur, svo sem pappambúðir og hjólbarda, sem endurgreiðist þegar þessar vörur verða að úrgangi og hafa farið í tiltekna endurvinnslu. Til að styrkja stöðu sveitarfélaga í þeim samskiptum sem munu eiga sér stað milli þeirra sjálfra, og milli atvinnulífsins og ríkisvaldsins var ákveðið um mitt sumar 2007 að stofna til tímabundins verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum. Markmið verkefnisins eru m.a. að vinna að mótun sameiginlegrar stefnu sveitarfélaga í úrgangsmálum og auka áhrif sveitarfélaga við stefnumótun í málaflokknum. Nær öll sveitarfélög hafa ákveðið að taka þátt í verkefninu, verkefnisstjóri var ráðinn í nóvember 2007 og verkefnisstjórn skipuð í desember þetta ár. Verkefnið mun standa í þrjú ár, frá 1. janúar 2008 til 31. desember árið 2010.





Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
2.	Verkefnisstjórnin og fundir hennar	3
3.	Helstu verkefni á árinu	4
3.1	Megináherslur í úrgangsmálum	4
3.2	Framkvæmd söfnunar raf- og raftækjaúrgangs	4
3.3	Staða svæðisáætlana í sveitarfélögum	5
3.4	Stjórnsýsla í úrgangsmálum	7
3.5	Ráðstefna um úrgangsmál í október 2009	7
3.6	Þátttaka á ráðstefnum og fundum	8
4.	Samskipti	8
4.1	Innlend samskipti	8
4.2	Erlend samskipti	11
5.	Helstu verkefni á árinu 2010	12
6.	Ávinningur af verkefninu	13
7.	Rekstur verkefnisins 2009	14

Ársskýrsla Verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum 2009

© Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

2010/13

Umsjón með útgáfu: Lúðvík E. Gústafsson

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Ársskýrslan er eingöngu gefin út í vefútgáfu.

2. Verkefnisstjórnin og fundir hennar

Verkefnisstjórnin er skipuð sex aðalmönnum og sex til vara sem eru eftirfarandi:

Aðalmenn:

Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu bs.

Eiður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Flokkunar ehf.

Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja. Í stað hans kom í desember 2009 Aron Jóhannsson umhverfisfulltrúi Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja.

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, framkvæmdastjóri Sorpstöðvar Suðurlands.

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands.

Unnur Ása Atladóttir, verkefnisstjóri á umhverfismálasviði, Fjarðabyggð.

Varamenn, í sömu röð og aðalmenn:

Friðrik Björgvinsson, Vestmannaeyjabæ.

Hafsteinn Gunnarsson, Sorpsamlagi Þingeyinga.

Haukur Ingi Einarsson, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Jón Örn Berndsen, Sveitarfélaginu Skagafirði.

Vernharður Jósefsson, FUNA, Ísafjarðarbæ. Í stað hans kom vorið 2009 Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi, Ísafjarðarbæ.

Katrín Ásgeirsdóttir, Fljótsdals-héraði.

Verkefnisstjóri var ráðinn **Lúðvík E. Gústafsson** sem tók til starfa 1. janúar 2008.

Verkefnisstjórn hélt fimm fundi á árinu. Helstu umfjöllunarefni á fundunum voru megináherslur sveitarfélaga í úrgangsmálum, framkvæmd söfnunar raf- og rafeindatækjaúrgangs og endurskoðun tilskipunar 96/2002/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang, tillögur lögfræðisviðs sambandsins að laga-breytingum í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs hvað

varðar lands- og svæðisáætlanir. Rætt var um tillögu sambandsins að fá undanþágu frá gildistöku ákvæða í reglugerð um hauggassöfnun í tvö ár. Umhverfisráðherra veitti umbeðna undanþágu sumarið 2009.

Verkefnisstjórn hafði forgang um að halda ráðstefnu um úrgangsmál á haustmánuðum 2009. Fjallað var um undirbúning hennar, framkvæmd og hvernig hefði tekist með efni og fyrirlesara. Nánar verður greint frá þessum og öðrum málum hér á eftir.



3. Helstu verkefni á árinu

3.1 Megináherslur í úrgangsmálum

Stjórn sambandsins samþykkti megináherslurnar á fundi sínum í janúar 2009. Verkefnisstjóri hóf í kjölfarið undirbúning að kynningu þeirra í sveitarfélögum. Með aðstoð framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga voru á vormánuðum skipulagðir fundir í öllum landshlutum með:

Umhverfis- og samgönguráði Reykjavíkurborgar 24. mars

Fulltrúum sveitarfélaga á Vesturlandi í Borgarnesi 4. maí

Fulltrúum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í Reykjavík 14. maí

Fulltrúum sveitarfélaga á Suðurnesjum í Keflavík 18. maí

Staðardagskrárfulltrúum á höfuðborgarsvæðinu í Kópavogi 21. maí

Fulltrúum sveitarfélaga í Eyþingi á Akureyri 26. maí

Fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra á Blönduósi 26. maí

Fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi á Selfossi 29. maí

Fulltrúum sveitarfélaga á Vestfjörðum á Ísafirði 3. júní

Fulltrúum sveitarfélaga á Vestfjörðum á Hólmavík 3. júní

Fulltrúum sveitarfélaga á Austurlandi 9. júní.

Fundirnir voru vel sóttir í

flestum landshlutum, helst að þátttakan hefði mátt vera meiri á höfuðborgarsvæðinu. Almennt virtust flestir vera sáttir við áherslurnar, hvergi kom fram andstaða við einhverja af áherslupunktunum.

3.2 Framkvæmd söfnunar raf- og raftækjaúrgangs

Allt árið 2009 var fylgst með framkvæmd á söfnun raf- og raftækjaúrgangs. Samkvæmt lögunum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs áttu skilakerfi um meðhöndlun raf- og raftækjaúrgangs taka til starfa 1. janúar 2009. Eitt skilakerfi var þá komið fram, RR-skil. Það kerfi fór í viðræður við SORPU um nánari útfærslu á söfnun þessa úrgangs en ekki náðust samningar fyrr en langt var liðið á árið 2009. Þann 1. september tók til starfa annað skilakerfi, Samskil. Ráðandi aðili í Samskilum er brotamáls- endurvinnslu fyrirtækið Hringrás ehf. Samkvæmt upplýsingum frá þessum tveimur skilakerfum í nóvember 2009 átti söfnun raf- og raftækjaúrgangs að eiga sér stað eða vera í undirbúningi hjá eftirfarandi sveitarfélögum:

1. RR-skil:

SORPA, Reykjanesbær, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja Kalka, Grindavík, Vogar, Árborg, Akranes, Borgarbyggð (Borgarnes), Snæfellsbær (Ólafsvík), Ísafjörður, Húnaþing vestra (Hvammstangi), Blönduós, Skagatrönd, Akureyri,

Dalvík, Húsavík, Höfn, Sveitarfélagið Ölfus (Þorlákshöfn), Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur (Seyðishólar).

2. Samskil

Reykjavík (móttökustöð Hringrásar ehf.), Fjarðabyggð (Reyðarfjörður, móttökustöð Hringrásar ehf.), Reykjanesbær (Helguvík, móttökustöð Hringrásar ehf.), Akureyri (móttökustöð Hringrásar ehf.), Skagatrönd (móttökustöð Hringrásar ehf.), Mýrdalshreppur, Langanesbyggð, Skagafjörður.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald hjá skilakerfum fyrir veitta þjónustu. Tillaga að gjaldskrá sem umhverfisráðuneytið kynnti fyrir sambandinu í upphafi ársins 2009 þótti óaðgengileg enda allar upphæðir langt fyrir neðan kostnað sem sveitarfélög telja sig hafa af umsýslu með raf- og rafeindatækjaúrgang. Þrátt fyrir að sambandið legði fram eigin kostnaðargreiningu og andmælti reikniaðferðum umhverfisráðuneytisins að gjaldskrá gaf umhverfisráðherra hana út í mars 2009, með of lágur endurgreiðsluupphæðir að mati sveitarfélaga. Raf- og rafeindatækjaúrgangur var til umfjöllunar á öllum fundum verkefnisstjórnar á árinu, m.a. var rætt um þann möguleika að sveitarfélög gætu leitað til umboðsmanns Alþingis til að fá leiðréttingu á gjaldskránni. Framan af árinu höfðu menn

áhyggjur af því að skilakerfi myndi ekki starfa á öllu landi og bókuðu m.a. eftirfarandi:

„[...]Verkefnisstjórn leggur áherslu á að gætt verði jafnræðis í þessu máli hvað varðar þjónustu á landsbyggðinni og minnir á að allir landsmenn munu þurfa að greiða kostnaðinn sem hlýst af skilakerfinu, óháð búsetu.“

Verkefnisstjórninni þótti allt of mikill hægagangur í því að skilakerfi störfuðu eins og þeim var ætlað, og bókaði á fund hennar þann 9. sept. m.a. eftirfarandi: „[...]Verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga um úrgangsmál átelur harðlega seinagang við að skipulögð söfnun og frekari meðhöndlun þessa úrgangs geti hafist um allt land. Jafnframt beinir verkefnisstjórnin því til þar til bærra yfirvalda, þ.e. stýrinfundar um raftækjaúrgang, Umhverfisstofnunar og umhverfisráðuneytis, að þau sjái til þess að skipulögð söfnun og meðhöndlun raf- og rafeinda-tækjaúrgangs fari fram um allt land í samræmi við ákvæði laga og tryggt sé að kostnaður vegna meðhöndlunar sé borinn af framleiðendum raf- og rafeinda-tækja.“

3.3 Staða úrgangsmála hjá sveitarfélögum

Staða svæðisáætlana sveitarfélaga breyttist lítið frá árinu áður. Nú eiga sveitarfélög á Vestfjörðum, nokkur sveitarfélög á Norðurlandi eystra og Vestmannaeyjabær eftir

að setja sér svæðisáætlun, en byggðasamlag HULA gaf út svæðisáætlun á árinu sem hluti af Rangárþingi eystra, Skaftár- og Mýrdalshreppur eru aðilar að. Á Vestfjörðum er mikið rætt um framtíð meðhöndlunar á úrgangi enda stór ákvörðun framundan um hugsanlega endurnýjun brennslustöðvarinnar FUNA á Ísafirði eða um aðra lausn sem geti komið í staðinn fyrir brennslu úrgangs sem meginmeðhöndlunarleið. Ljóst er að sveitarfélög á Ströndum verða ekki með í samvinnu við önnur sveitarfélög á Vestfjörðum.

Öll sveitarfélög sem standa að svæðisáætlun stærsta svæðisins, samstarfs fjögurra sorpsamlaga, Sorpstöðvar Suðurlands, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, SORPU og Sorpurðunar Vesturlands samþykktu áætlunina sumarið 2009. Í henni kemur fram skýr forgangsröðun um meðhöndlun lífræns úrgangs, þ.e. gasvinnsla úr lífrænum úrgangi, jarðgerð og seinna meir brennsla tiltekinn úrgangsefna.

Á næstu síðu sést staða svæðisáætlana í árslok 2009:



Staða svæðisáætlana í árslok 2008

Svæði	Staða verks
Dalabyggð að Markarfljóti (Sorpurðun Vesturlands, SORPA, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, Sorpstöð Suðurlands)	1. útg. 2005, endurskoðun lokið 2009
Vestfirðir: Ísafjörður, Bolungarvík, Súðavík Tálknafjörður Vesturbyggð Reykhólasveit Strandabyggð, Kaldrananeshreppur, Árneshreppur, Bæjarhreppur Húnaþing vestra	Í vinnslu 1. útg. mars 2006
Norðurá bs.: Húnavatnshreppur, Blönduós, Skagaströnd, Skagahreppur, Skagafjörður, Akrahreppur	1. útg. janúar 2007
Eyjafjörður, Fjallabyggð	1. útg. október 2005, endurskoðun hafin
Pingeyjarsveit, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Tjörneshreppur	Í vinnslu
Langanesbyggð, Svalbarðshreppur	1. útg. 2007
Austurland: Vopnafjörður, Fljótsdalshérað, Fljóts- dalshreppur, Borgarfjörður eystri, Seyðisfjörður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur, Djúpavogshreppur, Hornafjörður	1. útg. apríl 2006, viðbótarúttekt júní 2008
Skaftárhreppur	Í vinnslu
HULA: (Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Rangárþing eystra austan Markarfljóts)	1. útg. september 2009
Vestmannaeyjar	Í vinnslu



3.4 Stjórnsýsla úrgangsmála

3.4.1 Tillögur að breytingum á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Í febrúar 2009 óskaði sambandið eftir að lögum um meðhöndlun úrgangs yrði breytt m.t.t. endurskoðunarákvæða svæðisáætlana. Í núgildandi lögum þarf að endurskoða svæðisáætlun á þriggja ára fresti sem þykir of stuttur tími þar sem slík endurskoðun er oftast kostnaðarsöm, og í flestum tilfellum ekki þörf á endurskoðun með svo stuttu millibili. Lagt er til að svipuð ákvæði gildi um svæðisáætlun og er að finna um aðalskipulagsáætlanir í skipulagslögum, og að óverulegar breytingar á svæðisáætlun megi framkvæma án formlegrar endurskoðunar. Svar barst frá umhverfisráðuneytinu í ágúst þess efnis að tekið yrði tillit til framkominna tillagna sambandsins í yfirstandandi endurskoðun laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Breyting á lögnum er á áætlun umhverfisráðuneytisins.

3.4.2 Gildistaka ákvæða reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs

Þann 16. júlí 2009 tóku gildi öll ákvæði reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, þ.á.m. ákvæði um botnþéttingu urðunarstaða og gassöfnun á þeim urðunarstöðum þar sem verið er að losa lífrænan

úrgang. Umhverfisstofnun hafði 30. janúar sent út bréf til 21 sveitarfélags með fyrirspurn um framtíðar urðunarstaði í umsjá viðkomandi sveitarfélags eða sorpsamlags. Þar sem ljóst var að enginn urðunarstaður hefði tök á að hefja gassöfnun á tilsettum tíma blasti við lokun fjölda urðunarstaða. Til að gera þeim sveitarfélögum kleift að halda áfram rekstri urðunarstaðarins án gassöfnunar beitti sambandið sér fyrir því við umhverfisráðherra að hann veitti undanþágu frá ákvæði um gassöfnun til að athuga nánar möguleika á söfnun og jafnvel nýtingu hauggass. Rannsókn Umhverfisstofnunar á árinu 2002 hafði leitt í ljós að gassöfnun væri nær ógerleg á urðunarstöðum með lítið magn úrgangsefna í þunnum lögum. Umhverfisráðherra veitti í ágúst 2009 undanþágu til tveggja ára til 11 urðunarstaða (Flokkun Eyjafjörður, Vopnafjarðarhreppur, Blönduósþétt, Fjarðabyggð, Sveitarfélagið Hornafjörður, Húnaþing vestra, Sorpurðun Vesturlands, Norðurþing-Kópasker, Sveitarfélagið Skagafjörður, Sveitarfélagið Skagaströnd og Vesturbyggð) sem höfðu sótt um hana. Verkefnisstjóri hóf í lok ársins undirbúning að rannsóknarverkefni um gassöfnun í samvinnu við Háskóla Íslands, Umhverfisstofnun, og ráðgjafafyrirtæki.

3.4.3 Umsögn um laga- og reglugerðarbreytingar

Sambandinu barst beiðni frá umhverfisráðuneytinu um að veita umsögn um breytingar á lögnum um meðhöndlun úrgangs vegna upptöku tilskipana ESB í EES-samninginn. Um var að ræða ákvæði um flutning úrgangs milli landa og um námuúrgang. Sambandið gerði engar veigamiklar athugasemdir. Einungis ákvæði um flutning úrgangs milli landa hafa verið samþykkt á Alþingi í ágúst 2009 með lögum nr. 93/2009, en ákvæði um námuúrgang svo og aðrar breytingar bíða enn.

3.5 Ráðstefna um úr- gangsmál í október 2009

Þann 21. október 2009 hélt sambandið vel sóttu ráðstefnu um úrgangsmál. Kynnt voru stefnumið ríkisvaldsins í úrgangsmálum af hálfu umhverfisráðherra og fulltrúa Umhverfisstofnunar. Farið var yfir þróun á magni úrgangs síðustu misserin, breytingar sem urðu eftir hastarlega niðursveiflu sem íslenskt efnahagslíf varð fyrir í október 2008. Þrjú sveitarfélög kynntu ólíkar aðferðir til að meðhöndla úrgang og bregðast þannig við auknum kröfum um endurvinnslu úrgangs. Mikla eftirtekt vakti erindi Gunnel Klingberg, framkvæmdastjóra Municipal Waste Europe, sem fór yfir ábyrgð sveitarfélaga á meðhöndlun úrgangs og rétt til að stýra henni þar sem þau eru

4. Samskipti

veitendur þessarar almannaþjónusta sem meðhöndlun úrgangs er.

3.6 Þátttaka á ráðstefnum og fundum

Þann 2. apríl 2009 flutti verkefnisstjóri erindi um nýja rammatilskipun 98/2008/EB um úrgang á fundi hjá Samtökum iðnaðarins. Hún var samþykkt hjá Evrópusambandinu í nóvember 2008. Fundurinn var haldinn með það í huga að upplýsa menn um þessa tilskipun sem væntanlega verður innleidd í íslenskt regluverk innan tíðar.

Verkefnisstjóri var með erindi á áðurnefndri ráðstefnu um úrgang um svæðisáætlanir sveitarfélaga og í hvaða tilgangi þær væru settar.

Verkefnisstjóri flutti erindi á ársfundi SATS, samtaka tæknimanna sveitarfélaga þann 30. október 2009, um breyttar áherslur í meðhöndlun úrgangs eða frá því að úrgangur er einungis vandamál og til þeirra nýtingarmöguleika sem felast í honum.

4.1 Innland samskipti

4.1.1 Samskipti verkefnisstjóra við sveitarfélög

Verkefnisstjóri hefur á árinu 2009 unnið með sveitarfélögum úr öllum landshlutum við að skoða ýmis álitamál, svo sem starfsleyfisdrög, svæðisáætlanir og hugsanlegar lausnir á meðhöndlun úrgangs í samvinnu sveitarfélaga.

1. Vestfirðir

Ísafjarðarbær og sveitarfélög sem eru í samstarfi við hann um brennslu úrgangs þurfa að taka ákvörðun um framtíðarmeðhöndlun úrgangs. Núverandi brennslustöð er komin til ára sinna og það þarf að endurnýja t.d. brennsluofninn. Verkefnisstjóri hefur aðstoðað við gerð svæðisáætlunar sem þó er ekki lokið þar sem endanleg ákvörðun um framhald liggur ekki fyrir. Þann 7. desember 2009 var haldinn opin fundur á Ísafirði um framtíð sorpmála. Þar voru flutt erindi um hagkvæmni þess að endurnýja brennslustöðina annarsvegar og að flytja allan úrgang til meðhöndlunar á höfuðborgarsvæði hinsvegar. Í báðum erindum var komist að sömu niðurstöðu, að sú lausn sem kynnt var væri hagkvæmasti kostur í stöðinni fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum.

2. Norðurland

Í maí 2009 kom út skýrsla verkfræðistofunnar Mannvits hf. um hugsanlega samvinnu sveitarfélaga á Norðurlandi og Austurlandi í úrgangsmálum. Verkefnisstjóri hafði tekið þátt í að leggja spurningar fyrir ráðgjafa Mannvits hf. sem átti að svara með skýrslunni. Í skýrslunni var bent á ákveðna möguleika fyrir samvinnu svo sem milli Eyjafjarðarsvæðis og sveitarfélaga í byggðasamlagi Norðurár bs. Flutningur úrgangs frá Eyjafjarðarsvæðinu var ekki talinn til hagkvæmra kosta. Vegna breyttra aðstæðna eftir að niðurstaða Mannvits hf. lá fyrir ákvað Flokkun ehf. fyrir hönd sveitarfélag sem standa að henni að hefja samstarf við Norðurá bs. um flutning úrgangs til förgunar á nýjum urðunarstað Norðurár bs.

3. Austurland

Verkefnisstjóri var áfram í sambandi við sveitarfélög á Austurlandi, sérstaklega í tengslum við skýrslu Mannvits um hugsanlega samvinnu sveitarfélaga á Norðurlandi og Austurlandi, sbr. hér að ofan. Flutningur úrgangs frá Austurlandi til Norðurlands var kostnaðarmetinn í skýrslunni en er ekki hagkvæmur. Reyndar átti að skoða hvort flutningur sérflokkaðs úrgangs til brennslustöðvar á Húsavík væri kostur en

það var ekki gert. Sveitarfélög á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði vantar urðunarstað. Þau hafa náð bráðabirgðasamkomu-
lagi um tímabundna urðun í Þernunesi, urðunarstað Fjarða-
byggðar. Á aðalfundi samtaka
sveitarfélaga á Austurlandi
þann 26. september 2009 var
hvatt til áframhaldandi vinnu
að lausn úrgangsmála í lands-
hlutanum.

4. Suðurland


Vegna ákvörðunar bæjarstjórn-
ar Ölfuss að framlengja ekki
samþykki sitt fyrir að starfrækja
urðunarstað Sorpstöðvar Suður-
lands við Kirkjuferjuhjáleigu lá
fyrir að staðurinn myndi loka
1. desember 2009. Þá blasti við
að stór hluti úrgangs yrði fluttur
til annarra staða til meðhöndl-
unar. Til að vinna tíma fyrir nýja
lausn og til að fá bæjarstjórn
Ölfus til að veita samþykki fyrir
enn frekari framlengingu fór
formaðurstjórnarsambandsins,
Halldór Halldórsson ásamt

verkefnisstjóra til viðræðna
við bæjarstjórnina þann 15.
september. Bæjarstjórn Ölfuss
taldi sig ekki geta kvikað frá fyrri
ákvörðun. Móttöku á heimilis-
og rekstrarúrgangi í Kirkju-
ferjuhjáleigu lauk því í byrjun
desember og er allur úrgangur
sem ella hefði farið þar til
urðunar nú fluttur til SORPU.
Á gámasvæði Árborgar hefur
verið komið upp umhleðslustöð
í þeim tilgangi að draga úr
kostnaði við sorpflutninga.

4.1.2 Teymisfundir

Umhverfis- og utanríkis-
ráðuneyti, Umhverfisstofnun og
Samband ísl. sveitarfélaga hafa
um nokkurt skeið átt samstarf
um framvindu á innleiðingu
gerða Evrópusambandsins í
EES-samninginn og svo íslenska
löggjöf. Fulltrúar þessara stofna-
na hafa myndað svokallað
EES-teymi sem hittist reglulega.
Umfjöllunarefni á þessum
fundum eru annarsvegar gerðir
sem tilheyra II. viðauka EES-

samningsins er varðar efnamál,
og hinsvegar gerðir sem
tilheyra XX. viðauka sem fjallar
um umhverfismál. Á árinu
2009 voru haldnir tíu fundir í
EES-teyminu. Af hálfu fulltrúa
sambandsins var lögð áhersla
á að fylgjast með framvindu
gerða um vatnsstjórn, um vernd
grunnvatns, um flóðahættu, um
úrgang, um flutning úrgangs,
um rafhlöður og rafgeyma
og um viðmiðunarmörk fyrir
loftmengandi efni. Hér er um
sömu gerðir að ræða og voru
á dagskrá á árinu 2008 en hafa
enn ekki verið lögleiddar nema
hvað varðar flutning úrgangs
milli landa, með breytingar-
lögum nr. 93/2009 á lögum
nr. 55/2003 um meðhöndlun
úrgangs. Tilskipun um vatns-
stjórn er frá árinu 2000 og hafði
samráðshópur um innleiðingu
hennar verið myndaður, með
fulltrúa frá sambandinu. Auk
teymisfunda hefur sambandið
átt marga aðra fundi með
umhverfisráðuneytinu um



hagsmunamál sveitarfélaga, t.d. vegna framkvæmdar laga og reglugerðar um raf- og raf-eindatækjaúrgang, eins og greint hefur verið frá hér á undan.

4.3.1. Umhverfisstofnun

Verkefnisstjóri hefur átt nokkra fundi með fulltrúum Umhverfisstofnunar á árinu. Á fundunum var rætt um stöðu úrgangsmála á landinu almennt, en sérstaklega um stöðu starfsleyfa urðunarstaða. Í því samhengi skipta mestu máli væntanlegar tækniröfur, þ.e. gassöfnun og botnþétting

fyrir starfandi urðunarstaði. Sambandið hefur lagt áherslu á að gassöfnun á urðunarstöðum verði skoðuð sérstaklega m.t.t. þess hvort hún skilar nokkrum ávinningi, ef tilgangur hennar er nýting gassins eða að kveikja í því til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Ennfremur var rætt um endurskoðun á landsáætlun sem er nú hafin hjá Umhverfisstofnun. Verkefnisstjóri hefur gert athugasemdir við fyrstu drög að landsáætlun.

4.1.4 Samráðsnefnd um framkvæmd laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Þann 20. ágúst 2009 skipaði umhverfisráðherra nýja samráðsnefnd um framkvæmd úrgangslaganna sem tekur við af fyrri nefnd. Nýskipan nefndarinnar var orðin nauðsynlegt vegna mannbreytinga. Verkefni nefndarinnar er að taka saman yfirlit yfir þróun úrgangsmála, kostnað við meðhöndlun úrgangs, sérstaklega fyrir sveitarfélög, og að fylgjast með þróun úrgangsmála á Evrópska efnahagssvæðinu.



Til þessa hefur eitt ársyfirlit fyrir árið 2002 verið birt en drög að ársyfirliti áráanna 2003 og 2004 liggja fyrir. Nefndin hefur hist einu sinni en hleypa þarf auknum krafti í vinnu hennar.

4.2 Erlend samskipti

4.2.1 CEMR

Samtök evrópskra sveitarfélaga og svæða CEMR (Council of European Municipalities and Regions) starfrækja margar vinnunefndir, þ.á.m. nefnd um umhverfismál. Verkefnisstjóri hefur setið f.h. sambandsins á báðum fundum umhverfisnefndar, í Brüssel þann 26. júní og 12. og 13. október í Brasov í Rúmeníu. Auk þess starfa svokallaðir fókushópar undir umhverfisnefndinni. Endurskoðun á tilskipun nr. 2002/96/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang er komin í fullan gang. Fyrstu drög að endurskoðaðri tilskipun voru lögð fram í byrjun desember 2008. Í þeim má finna ákvæði um að öll meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs verði á ábyrgð framleiðenda, þannig að sveitarfélög myndu þá ekki bera neinn kostnað við meðhöndlun úrgangsins, sérstaklega söfnun.

Að öðru leyti hafa loftslagsbreytingar og aðgerðir til að milda áhrif þeirra verið mjög áberandi í allri umræðu um umhverfismál á vettvangi CEMR. Þar sem losun gróðurhúsalofttegunda tengist orkunýtingu hafa fundir umhverfis- og orkunefnda CEMR verið haldnir sameiginlega að hluta til, til að ræða þessi mál á breiðum

grunni. Sveitarfélög í Evrópu eru mjög meðvituð um loftslagsbreytingar og hafa mörg hver mótað sér stefnu til að takast á við hugsanlegar neikvæðar afleiðingar loftslagsbreytinga, svo sem breytt veðurfars og hrakandi búsetuskilyrða vegna hækkunar sjávarstöðu. CEMR hefur ásamt öðrum samtökum sveitarfélaga eins og t.d. ICLEI, unnið að því að rödd sveitarfélaga heyrðist á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna COP 15 í Kaupmannahöfn í desember 2009.

4.2.2 ACR+

Verkefnisstjóri sótti í febrúar 2009 vinnufund hjá WEEE-PIN (Waste electric and electronic equipment Public Interest Network) sem hefur beitt sér að undanfögnu fyrir því að tilskipun nr. 2002/96/EB um raf- og rafeindatækjaúrgang verði endurskoðuð þar sem innleiðing hennar hefur ekki tekist sem skyldi. Meginkrafa sveitarfélaga er að fjárhagsleg ábyrgð framleiðenda nái alla leið til söfnunar úrgangsins. Þannig fái sveitarfélög fulla endurgreiðsla á þeirri þjónustu sem þau veita með innsöfnun WEEE.

4.2.3 Municipal Waste Europe

Á árinu 2009 hefur Municipal Waste Europe (MWE) vaxið fiskur um hrygg. Auk Norðurlanda eru fulltrúar frá Austurríki, Þýskalandi, Niðurlöndum og Flandern í Belgíu aðilar að samtökunum. Unnið var að því að MWE yrði viðurkenndur umsagnaraðili í lagasetningar-

ferli Evrópusambandsins. Fyrsta skref var undirritun á formlegri skráningu samtakanna í Brüssel þann 13. maí 2009. Innra skipulag MWE hefur þróast á árinu, nú eru til staðar stjórn (Board) og stefnunefnd (Policy Committee). Einnig verður haldinn aðalfundur (General Assembly), sá fyrsti á árinu 2010. Umsagnarvinnan hefur farið af stað með innlegg í umræðu um lífrænan úrgang, þ.e. athugasemdir við stefnu ESB varðandi lífrænan úrgang eins og hún birtist í grænbók um hann.

a. Frekari kynning á megináherslunum.

Til helstu verkefna á árinu 2010 hljóta að teljast að koma innihaldi megináherslna sem samþykktar voru á árinu 2009 betur inn í vitund sveitarstjórnarmanna sem taka ákvarðanir um framkvæmd á meðhöndlun á úrgangi.

Væntanlega munu margir sveitarstjórnarmenn hverfa af vettvangi eftir kosningar í vor og aðrir koma í staðinn, sem ekki hafa fengist við úrgangsmál áður. Það er því mikilvægt að nýtt fólk í sveitarstjórnnum verði upplýst um megináherslurnar, m.a. að sveitarfélög hafi fullan rétt á því að sjá um framkvæmd meðhöndlunar komist þau að þeirri niðurstöðu að það sé hagkvæmasta leiðin til að sinna þessu lögbundna hlutverki þó að alltaf sé hægt að bjóða verkið út.

5. Helstu verkefni á árinu 2010

b. **Upplýsingar um meðhöndlun úrgangs.**

Af öðrum verkefnum á árinu 2010 mætti nefna söfnun upplýsinga um magn og tegundir úrgangs, hvernig framkvæmd meðhöndlunar er í dag og hverjir gegna því hlutverki í dag. Þetta verkefni tengist reyndar starfi samráðsnefndar sem stofnuð var með lögum nr. 55/2003 fyrir sjö árum en hefur lítið starfað, m.a. vegna þess að stór hluti nefndarmanna hvarf til annarra verkefna, sbr. einnig liður 4.1.4 hér að ofan. Nú hefur verið endurskipað í nefndina og hún mun klára verkefnið sitt á árinu.

c. **Aðstoð í úrgangsmálum við sveitarfélög.**

Sveitarfélög af öllu landinu hafa leitað til verkefnisstjóra um aðstoð og verður vinnu við úrlausn þeirra mála haldið áfram enda var verkefnið m.a. stofnað til þess að veita sveitarfélögum nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd á meðhöndlun úrgangs. Eitt stærsta verkefni á árinu 2010 verður rannsókn á hauggasmyndun, sbr. um aðdraganda rannsóknarinnar í lið. 3.4.2.

d. **Raf- og rafeindatækjaúrgangur.**

Fylgst verður áfram mjög náið með framvindu á meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs. Á árinu 2010 mun verða ljóst hver raunverulegur kostnaður sveitarfélaga er af söfnun þessa úrgangs. Verkefnisstjórn hefur áður lýst þeirri skoðun

að innleiðing framleiðenda-ábyrgðar hvað varðar raf- og rafeindatækjaúrgang hefði vel mátt færa undir Úrvinnslusjóð. Kröfu um að færa raf- og rafeindatækjaúrgang undir Úrvinnslusjóð verður haldið á lofti á árinu 2010.

e. **Umsagnir um regluverk og áætlanir ríkisvaldsins.**

Á árinu 2010 er mjög líklegt að breytingar verði á úrgangslögum og –reglugerðum og verður áfram stunduð öflug hagsmunagæsla, svo og þegar kemur að útgáfu landsáætlunarinnar um úrgang.

f. **Svæðisáætlanir.**

Komið er að endanlegri útgáfu svæðisáætlana hjá nokkrum sveitarfélögum og endurskoðun þeirra hjá öðrum. Aðstoðað verður við endanlega útgáfu og, eftir föngum, við endurskoðun svæðisáætlana.

g. **Erlent samstarf.**

Fylgst verður með og tekið þátt í þeirri vinnu að öflug hagsmunagæsla í úrgangsmálum fyrir sveitarfélög í Evrópu verði að veruleika í samtökum Municipal Waste Europe, sbr. liður 4.2.3. hér að ofan. Áfram verður lögð áhersla á að rödd íslenskra sveitarfélaga heyrir innan samtaka evrópskra sveitarfélaga CEMR.

6. Ávinningur af verkefninu

Með megináherslum sveitarfélaga í úrgangsmálum liggur nú fyrir stefnumótun þeirra í anda sjálfbærrar þróunar. Áhersla sem er lögð á jákvæð samskipti við aðra aðila sem koma að úrgangsmálum, ríkisvald, atvinnulíf og rannsóknarstofnanir er að skila sér í góðum samskiptum við Umhverfisstofnun og umhverfísráðuneytið. Ennfremur við háskólasamfélagið þar sem útlit er fyrir að takast muni samstarf um mælingar á hauggasmyndun á litlum urðunarstöðum á landinu, en sambandið hafði forgöngu um að tækifæri fyrir rannsóknir skapaðist með undanþágu

frá kröfu um söfnun hauggass sem umhverfísráðherra veitti í ágúst 2009, sbr. liður 3.4.2 hér að framan. Verkefnið hefur aðstoðað sveitarfélög í vinnu við framtíðaráform þeirra um meðhöndlun úrgangs.

Þátttaka sveitarfélaga í erlendu samstarfi hefur áfram þróast í jákvæða átt. Umræðan um úrgang hefur tímabundið fallið í skugga umræða um loftslagsmál sem hafa verið allsráðandi í aðdraganda loftlagsráðstefnu í Kaupmannahöfn.



7. Rekstur verkefnisins 2009

Rekstrarreikningur ársins 2009

	2009	2008
Tekjur (endurgreiðsla sveitarfélaga):		
Tekjur samtals	10.143.735	9.975.560
Gjöld:		
Laun og launatengd gjöld	8.779.493	8.023.867
Ferða- og fundakostnaður innanlands	543.389	1.129.414
Ferða- og fundakostnaður erlendis	499.152	709.652
Félagsgjöld		
<i>Municipal Waste Europe</i>	194.460	92.298
Ýmislegt	97.537	58.990
Gjöld samtals	10.114.031	10.014.221
Tekjur umfram gjöld	29.704	- 38.661

